

Sveitarfélagið Hornafjörður
b/t Gunnlaugur Róbertsson
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 7. október 2019
UST201908-263/A.B.
10.04.00

Efni: Breyting á aðalskipulag Hornarfjarðar 2012-2030 og á deiliskipulagi fyrir Jökulsárlón á Breiðamerkursandi

Vísað er til erindis skipulagsstjóra sveitarfélag er barst 29. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á breytingu á aðalskipulagi Hornarfjarðar 2012-2030 og á deiliskipulagi fyrir Jökulsárlón á Breiðamerkursandi.

Breytingartillaga aðalskipulagsins felur í sér að mörk Vatnajökulshjóðgarðs eru leiðrétt, afþreyingar- og ferðamannasvæði [AF 16] er stækkað úr 25 ha í 45 ha og legu hringveggar við Jökulsá á Breiðamerkursandi er breytt.

Tillagan gerir ráð fyrir 500 m² starfsmannaaðstöðu, upplýsingamiðstöð þjóðgarðsins sem verður allt að 1.800 m² hús í einni eða fleiri byggingum, allt að 1.300 m² byggingu undir verslun og þjónustu í einni eða fleiri byggingum, véla- og viðgerðaraðstöðu þjóðgarðsins í allt að 200 m², aðstöðu fyrir ferðaþjónustuaðila í allt að 600 m² byggingu, 250 m² húsi fyrir aðila í bátasiglingum, aðstöðu landvarðar og salernishús sem verður allt að 120 m², þjónustuhúsi og mannvirkjagerð fráveitu sem verður allt að 120 m² og þremur allt að 80 m² salernishúsum.

Auk þess gerir tillagan ráð fyrir bílastæðum á fjórum stöðum fyrir allt að 580 bíla og allt að 65 stæðum fyrir rútur og stærri bíla, göngu- og hjólastígum, göngubrú, varnargörðum, aðkomutorgi, jarðvegsmönnum, aðstöðu fyrir bátasiglingar á lóninu og áningarstöðum.

Einnig gerir tillagan ráð fyrir nýju vegstæði fyrir þjóðveg 1 um 200-350 m norðar en núverandi þjóðvegur.

Votlendi

Umhverfisstofnun bendir á að norð – austan við Jökulsá er votlendi skv. kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) <https://serstokvernd.ni.is/> og telur stofnunin að votlendið falli undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd votlendis sem taldar eru upp í 1. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í tillögunni er gert ráð fyrir nýrri veglínu fyrir þjóðveg 1 og liggur hönnunarsvæði vegarins í votlendinu. Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar segir að tilfærsla á þjóðveginum mun hafa neikvæð áhrif á lífríki þar sem vegurinn fer yfir áður óraskað land á náttúruminjaskrá þar sem eru varpsvæði fugla og gróður.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um þær vistgerðir sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga í tillögunni.

Umhverfisstofnun telur að ný veglína geti haft neikvæð áhrif á votlendi og því mikilvægt að forðast röskun á votlendi.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Vistgerðir

Í greinargerð kemur fram að vistgerðir innan deiliskipulagssvæðisins eru mólendi, eyrar, sandfjörur og jökulvatn, sem hafa lágt verndargildi.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru m.a. innan skipulagssvæðisins vistgerðirnar starungsmýrarvist og víðikjarrvist sem eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Umhverfisstofnun bendir á að hönnunarsvæði nýrrar veglínu nær til ofangreindra vistgerða. Auk þess er á skipulagssvæðinu m.a. vistgerðarnar melgambravist sem hefur miðlungs verndargildi og hrossanálavist sem hefur miðlungs verndargildi og getur haft ríkulegt fuglalíf.

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna. Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að byggingareitir séu afmarkaðir í samræmi við verndargildi vistgerða svæðisins.

Vegir í náttúru Íslands

Tillagan sem er hér til umfjöllunar gerir ráð fyrir nýjum vegum, vegtengingum, akfærri gönguleið, vegum til að viðhalda grjótgörðum og vegi fyrir skutluþjónustu.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við breytingu á aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Sveitarfélög skulu í tillögunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands. Auk þess bendir stofnunin á að vinnu samkvæmt ákvæði þessu skal lokið fyrir árslok 2020.

Í 3. mgr. ofangreindra laga segir að við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skv. 1. mgr. skal sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa.

Við gerð skrárinnar skulu sveitarfélög jafnframt hafa samráð við Umhverfisstofnun eða önnur stjórnvöld þjóðgarða ef við á, Vegagerðina, Landgræðslu ríkisins, Landmælingar Íslands, samtök útivistarfélaga, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar.

Vegagerðin heldur utan um skrána en sveitarfélög bera ábyrgð á að senda tillögu þegar vinna við aðalskipulag fer fram.

Skráin hlýtur samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi, sbr. 32. og 36. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.

Umhverfisstofnun bendir einnig á mikilvægi þess að skráin sé í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins.

Búsvæði sela

Í greinargerð kemur fram að selir halda sig í lóninu og selir eru skráðir á Válista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018). Þar er landselur flokkaður sem tegund í bráðri hættu og útselur flokkaður sem tegund í hættu. Í greinargerð kemur fram að tryggja skal með vöktun að umsvif vegna ferðamanna við lónið raski ekki skilyrðum þeirra.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að sett séu skýrar umgengnisreglur um svæðið með hliðsjón af fyrirhuguðum skipulagsbreytingum til að draga úr neikvæðum áhrifum á búsvæði selanna.

Fuglalíf

Í greinargerð kemur fram að innan deiliskipulagssvæðisins eru þekkt varplendi kríu og skúma, en varpsvæðin eru þó utan við fyrirhuguð framkvæmdasvæði. Hins vegar kemur fram í greinargerð aðalskipulags breytingarinnar að tilfærsla á þjóðveginum mun hafa neikvæð áhrif á lífríki þar sem vegurinn fer yfir áður óraskað land á náttúruminjaskrá þar sem eru varpsvæði fugla og gróður.

Umhverfisstofnun bendir á að skúmur (*Catharacta skua*) er flokkaður sem tegund í bráðri hættu og kría (*Sterna paradisaea*) er flokkuð sem tegund í nokkurri hættu á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018) og er því mikilvægt að draga úr raski á búsvæði fuglanna.

Umhverfisstofnun bendir á að um umtalsverða framkvæmd er um að ræða og umsvif ferðamanna verða mikil sem geta haft neikvæð áhrif í för með sér. Umhverfisstofnun telur að skv. korti sem sýnir m.a. útbreiðslu kríu- og skúmavarp á bls. 17 í greinargerð liggur skutluleið og akfær gönguleið, um og í gegnum varpsvæðin. Þ.a.l getur Umhverfisstofnun ekki tekið undir að varpsvæðin séu fyrir utan framkvæmdasvæðið.

Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að þó svo að framkvæmdarsvæði líkt og byggingar séu fyrir utan varpsvæði fuglanna geta umsvifin framkvæmdarinnar haft neikvæð áhrif á búsvæði þeirra.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um í tillögnum hvaða leiðir verða farnar til að draga úr raski á búsvæðum fuglanna

Eldsneyti

Tillagan gerir ráð fyrir véla- og viðgerðaraðstöðu og að gert er ráð fyrir að heimila geymslu og meðferð eldsneytis. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að gert verði ráð fyrir að uppfylla viðeigandi ákvæði reglugerðar nr. 884/2018 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Auk þess gerir tillagan ráð fyrir bátaferðum á lóninu og því mikilvægt að viðeigandi búnaður sé til staðar til þess að bregðast við og hreinsa upp ef mengunaróhöpp verða.

Ásýnd og rask

Þar sem tillagan gerir ráð fyrir töluverðum framkvæmdum á óröskuðu landi er mikilvægt að halda raski í lágmarki.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er. Í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landskipulagstefnu segir að mikilvægt er að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu. Einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi því oft sést vítt yfir til sveita.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“


Bílastæði og aðkoma

Tillagan gerir ráð fyrir þremur bílastæðum á svæði A. Umhverfisstofnun telur æskilegra með tilliti til ásýndar svæðisins að bílastæði séu einungis á einum stað, öðru megin við þjóðveginn og þá við fyrirhugaða þjónustumiðstöð



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur